

HERDÍS HLÍF ÞORVALDSDÓTTIR

Á BLÁÞRÆÐI

06. - 27. JAN 2024



PORTFOLIO GALLERÍ

HERDÍS HLÍF ÞORVALDSDÓTTIR



Á BLÁÞRÆÐI



Herdís Hlíf (stundum kölluð Herdill) er listmálari, fædd 1999, sem býr og starfar í Reykjavík. Hún útskrifaðist með Bachelor gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands vorið 2023, en stundaði einnig nám við Myndlistarbraut Fjölbautaskólans í Breiðholti, Myndlistaskólann í Reykjavík, Myndlistaskólann á Akureyri og Accademia di Belle Arti di Brera í Mílanó.

Herdís vinnur fyrst og fremst með klassískt endurreisnarkennt olíumálverk með áherslu á klassískt handbragð og tilvísanir í lista- og menningarsöguna. Verk hennar eru oft angurvær, draumkennd, berskjaldandi og tilfinningaþrungin. Myndmáli liggur á mörkum tímaleysis en eru gjarnan krydduð með smáatriðum sem gefa vísbendingar um líðandi stundu.

Ég kastast til í vindhviðunum,
þær skella á kinnunum mínum eins og löðrunga
þar til þær eru rauðar og heitar,
þeyta sandi í augun mín.

Ég sé það ekki fyrr en það lygnir skyndilega
og mér tekst að opna augun;
allir þræðirnir sem ég hafði fléttað eru slitnir,
ræturnar mínar,
þær liggja á víð og dreif um jörðina,
hreyfingarlausar eins og hræ.
Þær visna fyrir augunum á mér,
þorna upp og verða að dufti.

Ég er hreyfingarlaus,
ég veit ekki hvert ég á að fara.
Ég reyni að ganga en ég færist ekki úr stað,
loftið er þungt eins og leðja.

Ég fell á hnén.
Moldin er köld á milli fingranna minna,
hún brýtur sér leið undir neglurnar,
er ég klóra í hana með vinstri hendinni
og dreg upp eldrautt epli undan moldinni.

Ég dreg andann djúpt og tek stóran bita,
vitandi fullvel að það er rotið.

Ég leggst á bakið
með lófana í kross yfir bringunni,
ég hægi á önduninni,
læst vera dauð.
Ég heyri blóðið pumpast framhá eyrunum,
finn svitaperlur myndast á vörinni,
finn æðarnar herpast í mér eins og net.
Kakkalakki mjakar sér upp úr moldinni
og skríður þvert yfir líkama minn.
Ég horfi stjörfu upp í gráan himininn,
beint í augað á sólinni.
Hún starir stíft í mín á móti,
brennir hvítan blett undir augnlokin mín.

Vatn byrjar að flæða uppúr moldinni,
dökk grænt og gruggugt
það lyktar eins svefnherbergi með lokaðan glugga,
föt á gólfinu,
skítug rúmföt.
Vatnið er kalt.
Það rís hratt og umlykur allt.
Það nær mér upp að brjóstkassa þegar ég horfi í
spegilmyndina,
ég þekki ekki konuna sem horfir til baka.
Ég lít undan og naga neglurnar,
veldi því fyrir mér hvort einhver annar þekki hana.

Ég held inni í mér andanum og hnipra mig saman,
flétta fingurna þéttingsfast um olnbogana,
gref augntóftirnar niður í hnén,
fer alveg í kaf.

Herdís Hlíf Þorvaldsdóttir



Drekkingarhylur, olía á striga, 80 x 95 cm



Kerti, olía á striga, 25 x 30 cm



Lítill í mér, olía á striga, 50 x 50 cm



Leda og svanurinn, olía á striga, 70 x 70 cm



Örlaganornir,
olífa á striga, 130 x 220 cm



Auga stormsins, olía á striga, 105 x 60 cm



Venus í bláskel, olía á striga, 70 x 110 cm



Moldun,
olía á striga, 150 x 90 cm



Doomscrolling, olía á striga, 60 x 40 cm



Blóm og kransar, olía á striga, 40 x 40 cm

VERÐSKRÁ

Drekkingarhylur	390.000.-
Kerti	140.000.-
Lífil í mér	280.000.-
Leda og svanurinn	300.000.-
Örlaganornir	830.000.-
Auga stormsins	330.000.-
Venus í bláskel	370.000.-
Moldun	480.000.-
Doomscrolling	280.000.-
Blóm og kransar	220.000.-



PORTFOLIO
GALLERÍ

HVERFISGATA 71 101 REYKJAVÍK GALLERÍ@PORTFOLIO.IS WWW.PORTFOLIO.IS